

STARFSLEYFI

UST202103-401

Meðhöndlun spilliefna

Íslenska gámafélagið ehf.

Kalksléttu 1 [...]¹, 162 Reykjavík

Kt.: 470596-2289

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Íslenska gámafélagið ehf., kt. 470596–2289, fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna að Kalksléttu 1, 162 Reykjavík. Íslenska gámafélagið ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

[...]² Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt er að taka á móti að hámarki 1000 tonnum af spilliefnum á ári til undirbúnings til förgunar eða endurnýtingar, t.d. flokkunar, þökkunar, annars frágangs og geymslu.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal almennt haldið í lágmarki og skal það að hámarki vera 300 tonn hverju sinni.

Rekstraraðila er óheimilt að stunda endurnýtingu eða förgun úrgangs á grundvelli starfsleyfisins.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslu um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu

¹ Lagfæring 2022: Hér stóð áður „og Koparsléttu 22“.

² Lagfæring 2022: Hér stóð áður „Rekstraraðila er heimilt að taka á móti og meðhöndla spilliefni að Koparsléttu 22, 162 Reykjavík, þar til aðstaða spilliefnamóttöku að Kalksléttu 1 er tilbúin til notkunar“.

Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun vegna rekstrarstöðvunar til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði, tækjum, húsnæði, menguðum jarðvegi og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlanir um frágang ef hann telur þörf á. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. mánaðar fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna eftirlitsaðila ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili

senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita áminningu og veita hæfilega fresti til úrbóta sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003, eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila sbr. 4. mgr. 66. gr. laganna.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 6. mgr. 66. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að svipta rekstraraðila starfsleyfi eða stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sbr. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 7/1998. Telji eftirlitsaðili að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 5. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998 og 67. gr. a. laga nr. 55/2003.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum og að nýta orku vel. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim, skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila (sjá gr. 2.6) er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er, s.s. með því að koma úrgangi sem berst til endurnýtingar ef slík ráðstöfunarleið er fyrir hendi. Jafnframt skal rekstraraðili lágmarka útflutning spilliefna eins og kostur er með því að koma slíkum efnum til endurnýtingar eða förgunar innanlands.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum (netfang, sími o.s.frv.).

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsemin skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði starfsstöðvarinnar og ákvæðum þessa starfsleyfis. Starfsmaðurinn skal jafnframt kunna skil á þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfsstöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk fái fullnægjandi þjálfun áður en það hefur störf, í samræmi við verklýsingu (gr. 2.4), og að það hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við. Upplýsingar þar að lútandi skulu ávallt vera tiltækar í starfsstöðinni.

Öll spilliefni skulu geymd innandyra eða í læstum gámum utan vinnutíma. Við rekstrarsvæðið skulu vera skilti sem vara óviðkomandi við hættu og upplýsa um að aðgangur sé bannaður.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.


Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Rekstraraðili skal sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar, öryggis eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Verklýsingar

Rekstraraðili skal útbúa verklýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:

Síða 4 af 14



- Meðhöndlun spilliefna sem berast, s.s. um móttöku þeirra, vinnsluaðferðir og geymslu.
- Reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði.
- Umgengni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og umbúðum.
- Viðbrögð við óhöppum.
- Þjálfun starfsmanna.

Verklýsingarnar skulu kynntar starfsmönnum, vera ávallt tiltækar í starfsstöð og aðgengilegar eftirlitsaðila.

2.5 Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal upplýsingar um úrgang sem tekið er á móti, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn, tegundir, uppruna eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum, dagsetningu móttöku, vinnsluaðferðir og ráðstöfun hvernar tegundar. Allar færslur er varða spilliefni skulu varðveittar í a.m.k. 5 ár og vera aðgengilegar eftirlitsaðila, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku spilliefna.

2.6 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili getur tekið þátt í t.d. ÍST EN ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða öðru kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun.

2.7 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.8 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja verklýsingu, sbr. gr. 2.4, og/eða viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.7. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp eða önnur atvik sem hafa haft í för með sér losun mengandi efna í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið ust@ust.is). Jafnframt skal viðeigandi Heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.9 Neyðartilvik – yfirvofandi hættu

Í neyðartilvikum hefur rekstraraðili heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að afstýra hættu, enda þótt þær ráðstafanir séu ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þessa, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

2.10 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

2.11 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir, hafi hún verið skilgreind, og skal nýta orku vel.

Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við innleiðingarákvæði BAT-niðurstaðna í reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun.

3.2 Meðhöndlun spilliefna

Spilliefni skal einungis meðhöndla innandyra. Þó er heimilt að geyma spilliefni utandyra í lokuðum, sérútbúnum ílátum, s.s. í spilliefnakörum, spilliefnagámum eða sambærilegum ílátum.

Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hættu á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Þau skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau berist ekki í frárennsli eða geti á annan hátt valdið skaða. Þess skal gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum.

Einstökum tegundum spilliefna skal halda aðgreindum og skulu spilliefni geymd í ílátum sem henta hverju efni.

Smitandi úrgangur skal meðhöndlaður á viðunandi hátt, sbr. 15. og 16. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, og skal þess sérstaklega gætt að hann blandist ekki öðrum úrgangi og valdi ekki smiti. Einkum skal gæta ýtrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum. Slíkur úrgangur sem berst skal þegar hafa verið flokkaður á upprunastað, honum pakkað þar og hann sérstaklega merktur, sbr. viðauka I. við reglugerð nr. 737/2003. Úrganginn skal geyma í loftræstu og læstu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Jafnframt skal geyma líkamshluta og vefi í kæli eða frysti, sbr. viðauka I. við reglugerð nr. 737/2003. Tryggja skal að úrganginum verði fargað á viðurkenndan hátt. Meðhöndlun spilliefna sem teljast til aukaafurða dýra skal uppfylla skilyrði í a. lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

Sprengifim efni, skotfæri og neyðarblys er einungis heimilt að geyma í sérstökum sprengiefnakössum eða – gámum sem viðurkenndir eru til geymslu slíkra efna. Þeir skulu tryggilega læstir. Við geymslu sprengifimra efna skal gæta þess að reglum um aðskilnað slíkra efna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.

Spilliefni skulu send til endurnýtingar eða förgunar við fyrsta hentuga tækifæri.

3.3 Frágangur íláta

Öll ílát sem notuð eru við geymslu á spilliefnum skulu vera traust, lekaheld og merkt á viðeigandi hátt, a.m.k. skulu koma fram tegundir spilliefna, hættulegir eiginleikar og magn þeirra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Að því leyti sem við á skal frágangur íláta vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Óheimilt er að geyma rokgjörn spilliefni í opnum ílátum. Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka útstreymi rokgjarnra spilliefna eins og mögulegt er og skal miða við að dreifð losun fari ekki yfir 5% af meðhöndluðu magni.

Við geymslu spilliefna skulu ílát staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Hafa skal reglulegt eftirlit með öllum ílátum.

Um ílát undir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum fer samkvæmt viðauka I. við reglugerð nr. 737/2003.

3.4 Frárennsli

Fráveita frá húsum og plönum þar sem spilliefni eru meðhöndluð eða geymd skal vera lokuð. Öll spilliefni sem kunna að fara niður skal fanga í söfnunarþrær þannig að hægt sé að endurheimta þau. Ef grunur er um að spilliefni hafi borist í söfnunarþró, skulu gerðar sérstakar efnamælingar á innihaldi þróarinnar fyrir losun. Frárennslisvatni, sem stenst ekki kröfur sbr. grein 4.3 eða inniheldur önnur spilliefni, skal ekki fargað nema að höfðu samráði við eftirlitsaðila. [...]³

³ Lagfæring 2022: Hér stóð áður „Á starfsstöðinni að Koparsléttu er ekki gerð krafa um söfnunarþrær en þar skal öll meðhöndlun spilliefna fara fram í sérstöku spilliefnarými sem er útbúið lekahólfum til að taka við lekum og skulu niðurföll vera lokuð“.

3.5 Söfnunarþrær og sand- og olíuskilja

Ávallt skal vera lokað fyrir frárennsli úr söfnunarþróum og skulu frárennsliskranar vera læstir eða þannig útbúnir að óviðkomandi geti ekki opnað fyrir frárennslið.

Söfnunarþrær og sand- og olíuskilju skal vakta og viðhalda skv. verklýsingu (gr. 2.4) og tæma eftir þörfum. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar. Skrá skal vökvamagn í söfnunarþróum fyrir tæmingu. Sé tryggt að spilliefni hafi ekki borist í söfnunarþró frá síðustu tæmingu má leiða innihald hennar ómeðhöndlað í fráveitukerfi. Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþróna skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldi hennar áður en hún er tæmd. Ef ekki er ljóst hvaða spilliefni hafa mögulega borist í þróna skal greina alla mælipætti í samræmi við mælingaáætlun í gr. 4.2. Frárennslisvatn sem ekki stenst losunarmörk í gr. 4.3, eða inniheldur önnur spilliefni, er óheimilt að leiða ómeðhöndlað í fráveitukerfi, heldur skal því fargað í samráði við eftirlitsaðila.

Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald. Við úttak olíuskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll. Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni þar sem það kemur úr olíuskilju.

3.6 Hreinsibúnaður

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í starfsstöðinni.

3.7 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni og skal uppfylla mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti sbr. gr. 2.5.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim sbr. gr. 2.8.
- Rekstur frárennsliskerfis sbr. gr. 3.4 og 3.5.
- Niðurstöður vöktunarmælinga sbr. gr. 4.2.
- Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.3.

4.2 Vöktunarmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni og yfirborðsvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá fyrirtækinu kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Samsetning frárennslisvatns	Innihald söfnunarþróa	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), flúoríð (F-), sýaníð (CN-), olía (HOI og BTEX), lífræn halógen-sambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni).	Fyrir hverja tæmingu (ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í þróna).
Magn og samsetning frárennslisvatns	Úttak olíuskilju	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), flúoríð (F-), sýaníð (CN-), olía (HOI og BTEX), lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni),	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

4.3 Losunar- og umhverfismörk

Mörk sem frárennslisvatn þarf að uppfylla fyrir losun í fráveitukerfi:

Mælipáttur	Styrkur (mg/l)
pH	2,0-11,0
Olía*	10
Sýaníð	0,1
AOX	1
Blý	0,3
Kvikasilfur	0,01
Kadmíum	0,1
Króm	0,3
Kopar	0,5
Sink	2
Arsen	0,1
Nikkell	1

*Gildir bæði fyrir BTEX og HOI mælingar.

4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit skráninga senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum óski rekstraraðila þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni sbr. 34. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með rafrænum hætti fyrir Síða 9 af 14

1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 9.b. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 9.b. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi og gildir til 6. september 2037.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

Reykjavík, 7. apríl 2022.⁴

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur

⁴ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út þann 6. september 2021 en lagfært þann 7. apríl 2022 í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 153/2021 er felldi úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 6. september 2021 að hluta, nánar tiltekið um að veita Íslenska gámafélaginu ehf. starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna að því er varðar heimild fyrir starfsemi að Koparsléttu 22 í Reykjavík. Starfsleyfið gildir áfram hvað varðar Kalksléttu 1.

Umhverfisstofnun lítur svo á að með þessari lagfæringu hafi stofnunin ekki tekið nýja ákvörðun um breytingu á starfsleyfinu, heldur aðeins lagfært leyfið til samrýmis við framangreinda ákvörðun úrskurðarnefndarinnar sem tók gildi fimmtudaginn 24. febrúar 2022 er úrskurður í máli nr. 153/2021 var kveðinn upp.

Fylgiskjal [1]⁵

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins ehf. á Esjumelum

1. Almennt

Þann 24. mars 2021 sótti Íslenska gámafélagið ehf. um starfsleyfi fyrir móttöku á allt að 1000 tonnum af spilliefnum að Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22 á Esjumelum, 162 Reykjavík. Fyrirtækið hefur leyfi fyrir sömu starfsemi í Gufunesi sem gildir til 31. desember 2030 en hyggst flytja starfsemina. Þar sem endanleg aðstaða spilliefnamóttöku á Kalksléttu 1 verður ekki tilbúin þegar fyrirhugað er að flytja starfsemina úr Gufunesi er sótt um leyfi til að koma henni tímabundið fyrir í húsnæði fyrirtækisins að Koparsléttu 22 þar til endanleg aðstaða er tilbúin.

Grunnástandsskýrslu um jarðvegs- og grunnvatnsmengun var skilað fyrir starfsstöðina í tengslum við hið nýja starfsleyfi í samræmi við 16. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og var á meðal gagna sem auglýst voru á auglýsingatíma.

2. Umsagnir/athugasemdir við starfsleyfistillöguna

Starfsleyfistillaga var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 25. júní 2021 til og með 23. júlí 2021 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins yrði tekin. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Reykjavíkurborg var sérstaklega gert viðvart um framkomna starfsleyfistillögu.

Ein umsögn barst á auglýsingatíma send fyrir hönd íbúa og landeigenda í Kollafirði. Umsagnaraðili óskaði eftir því að endurskoða umsögn sína að auglýsingatíma loknum og var orðið við þeirri beiðni. Hér á eftir fylgir útdráttur úr umsögn og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og snúa að auglýstri tillögu.

- Umsagnaraðili telur óviðunandi að starfsleyfið sé gefið út fyrir tvær starfsstöðvar í einu og sama leyfinu og telur ólíklegt að aðstæður til mengunarvarna húsnæðis að Koparsléttu 22 séu í samræmi við bestu aðgengilegu tækni. Þá telur umsagnaraðili vafa leika á því hvort starfsemin að Koparsléttu 22 samræmist skipulagi.
 - Umhverfisstofnun tekur fram að starfsleyfið er gefið út fyrir tvær samliggjandi lóðir sem munu báðar hýsa starfsemi rekstraraðila. Fordæmi eru fyrir slíku við útgáfu starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin lítur svo á að um eina starfsstöð sé að ræða.
 - Sambærilegar kröfur eru gerðar til mengunarvarna starfseminnar á Koparsléttu 22 og Kalksléttu 1. Bestu aðgengilegu tækni hefur ekki verið lýst

⁵ Lagfæring 2022 til að auka skýrleika þar sem öðru fylgiskjali hefur verið bætt við starfsleyfið.

- fyrir þessa starfsemi en niðurstöður bestu aðgengilegu tækni fyrir meðhöndlun úrgangs voru notaðar til hliðsjónar við vinnslu leyfisins.
- Umhverfisstofnun sendi skipulagsfulltrúa Reykjavíkur erindi um hvort starfsemin að Koparsléttu 22 samræmist skipulagi. Í umsögn skipulagsfulltrúa eru ekki gerðar athugasemdir við starfsemi rekstraraðila að Esjumelum og er spilliefnamóttaka talin falla innan almennra heimilda um athafnasvæði sbr. skilgreiningu í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Lagt er til að heimilt verði að hafa starfsemina að Koparsléttu 22 í eitt ár og þá verði aðstaðan að Kalksléttu 1 tilbúin. Umhverfisstofnun telur ekki tilefni til ákvæðis um tímamörk á flutning starfseminnar þar sem hún samræmist gildandi skipulagi. Stofnunin bendir á að verði breyting á skipulagi getur stofnunin endurskoðað leyfið sbr. gr. 1.6.
 - Umsagnaraðili tekur fram að byggingarleyfi hafi ekki verið gefið út fyrir starfsemina að Kalksléttu 1 og telur óeðlilegt að starfsleyfi sé gefið út áður en það liggur fyrir.
 - Umhverfisstofnun tekur fram að byggingarleyfi er ekki grundvöllur fyrir veitingu starfsleyfis. Ekki er óalgengt að rekstraraðilar þurfi að sækja um önnur leyfi vegna starfsemi sinnar.
 - Umsagnaraðili krefst þess að gerðar verði reglulegar mælingar mengunarefna í jarðvegi bæði við lokun starfsemi á Koparsléttu og við Kalksléttu á meðan starfsleyfið er í gildi.
 - Rekstraraðili hefur skilað grunnástandsskýrslu um ástand grunnvatns og jarðvegs á svæðinu. Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal rekstraraðili meta stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar vegna hættulegra efna sem stöðin notar, framleiðir eða losar við endanlega stöðvun starfseminnar. Umhverfisstofnun telur litla hættu á jarðvegsmengun af völdum starfseminnar þar sem hún fer að mestu fram innandyra í sérútbúnu rými með lokaðri fráveitu og mengun í fráveitu er vöktuð. Því telur stofnunin ekki þörf á vöktun jarðvegsmengunar frá starfseminni meðan á starfseminni stendur. Ef forsendur rekstrarins breytast, s.s. ef mengunar verður vartaf völdum rekstrarins, getur Umhverfisstofnun endurskoðað starfsleyfið sbr. gr. 1.6.
 - Umsagnaraðili bendir á að í grein 3.2. í starfsleyfistillögu sé fjallað um spilliefni sem teljast til aukaafurða dýra og tekur fram að rekstraraðili hafi kynnt starfsemina þannig að ekki verði nein meðhöndlun lífrænna efna á starfsstöðinni. Óskað er eftir útlistun á hvaða aukaafurðir um ræðir og hvernig meðhöndlun þeirra fari fram.
 - Þetta er staðlað ákvæði í starfsleyfum fyrir spilliefnamóttökum og er ætlað að ná utan um sóttmengaðan úrgang sem kynni t.d. að falla til vegna aðgerða er tengjast dýraheilbrigði. Í umsókn rekstraraðila kemur ekki fram að móttaka spilliefna sem teljast til aukaafurða dýra sé fyrirhuguð á starfsstöðinni. Í svari rekstraraðila við fyrirspurn Umhverfisstofnunar kemur fram að slíkur úrgangur sé fluttur beint til förgunar án umpökkunar og því ekki þörf á að meðhöndla hann í spilliefnamóttöku fyrirtækisins. Umhverfisstofnun telur

engu að síður þörf á að hafa slíkt ákvæði í leyfinu ef til þess kemur að geyma þurfi slíkan úrgang í starfsstöðinni og tekur fram að ekki er heimilt að umpakka honum eða meðhöndla á nokkurn hátt samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins.

- Umsagnaraðili tekur fram að Kollafjörður sé skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki og að nú sé bráðabirgðafrárennislögn frá Esjumelum út í Kollafjörð. Þá taki vöktun viðtakans aðeins til saurgerlamengunar. Farið er fram á að losun í frárennsli sé vaktað oftár en árlega, a.m.k. í byrjun starfseminnar. Einnig er lagt til að Umhverfisstofnun taki undir og ítreki kröfur til Reykjavíkurborgar um hreinsun skólps frá Esjumelum.
 - Umhverfisstofnun tekur fram að viðtakinn Kollafjörður hefur ekki verið skilgreindur viðkvæmur skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Engu að síður telur stofnunin mikilvægt að komið sé í veg fyrir að mengun berist frá spilliefnamóttökunni sem gæti haft áhrif á lífríki Kollafjarðar og er því gerð krafa um að lokað sé fyrir frárennsli þar sem spilliefni eru geymd eða meðhöndluð.
 - Umhverfisstofnun sendi Veitum ohf. fyrirspurn þann 5. ágúst sl. um stöðu fráveitumála á Esjumelum. Í svari Veitna kom fram að þar sé tvöfalt fráveitukerfi þar sem skólp er meðhöndlað með eins þreps hreinsivirki með útrásarlögn út í Kollafjörð. Fram kom að unnið sé að undirbúningi aukinnar hreinsunar fráveitu frá svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hreinsun skólps frá athafnasvæðinu sé viðunandi og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Auk þess telur stofnunin mikilvægt að óæskileg efni sem geta haft áhrif á fráveitukerfin berist ekki þangað þar sem það getur haft áhrif á virkni hreinsunarbúnaðar. Því er gerð krafa um að lokað sé fyrir frárennsli og að lekahólf eða söfnunarþrær séu til staðar til að fanga afrennsli sem kann að innihalda spilliefni.
 - Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að mengun berist í fráveitu frá starfseminni með þeim mengunarvörnum sem kveðið er á um í starfsleyfinu. Stofnunin telur tíðni vöktunarmælinga viðeigandi og bendir á að hún getur farið fram á tíðari mælingar telji hún ástæðu til skv. gr. 2.11.

3. Breytingar frá auglýstri tillögu

Engar breytingar voru gerðar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu.

4. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum

Fyrir liggur svar Skipulagsstofnunar við fyrirspurn rekstraraðila frá 24. mars 2021 þar sem stofnunin tekur þá afstöðu að starfsemin falli ekki undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

5. Gildistaka

Umhverfisstofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir móttöku á allt að 1000 tonnum af spilliefnum á ári. Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það öðlast þegar gildi og gildir til 6. september 2037.

Fylgiskjal 2

Greinargerð vegna lagfæringar starfsleyfis fyrir spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins ehf. á Esjumelum

1. Almennt

Þann 24. febrúar 2022 felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, í máli nr. 153/2021, úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 6. september 2021 um að veita Íslenska gámafélaginu ehf. starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna að því er varðar heimild fyrir starfsemi að Koparsléttu 22 í Reykjavík. Að öðru leyti stendur ákvörðunin óröskuð.

Í starfsleyfinu var gert ráð fyrir því að Íslenska gámafélaginu ehf. væri heimilt að taka á móti og meðhöndla spilliefni að Koparsléttu 22 þar til aðstaða spilliefnamóttöku að Kalksléttu 1 yrði tilbúin til notkunar. Sú heimild var felld úr gildi af úrskurðarnefndinni.

Komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að starfsemin samræmist ekki skipulagi á Koparsléttu 22 sem er skilgreind sem athafnasvæði. Að mati úrskurðarnefndarinnar samræmist starfsemi sem felur í sér móttöku og meðhöndlun spilliefna, ekki landnotkuninni athafnasvæði í skilningi skipulagsreglugerðar.

Eru því skilyrði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um samræmi starfsleyfis við skipulag samkvæmt skipulagslögum, ekki uppfyllt hvað varðar starfsemi að Koparsléttu 22.

Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 felldi úrskurðarnefndin aðeins úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu leyfis að því er varðar Koparsléttu 22.

Starfsleyfið gildir áfram hvað varðar Kalksléttu 1.

Þann 7. mars 2022 sendi Umhverfisstofnun rekstraraðila bréf þar sem vísað var til framangreinds úrskurðar og þess að stofnunin áformaði að lagfæra starfsleyfið til samræmis við niðurstöðu hans.

Að framangreindu virtu lagfærði Umhverfisstofnun starfsleyfið þann 7. apríl 2022 til samræmis við úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, í máli nr. 153/2021.

Umhverfisstofnun lítur svo á að lagfæringin feli ekki í sér nýja stjórnvaldsákvörðun af hálfu stofnunarinnar heldur endurspegli aðeins úrskurð úrskurðarnefndar í máli nr. 153/2021. Að mati stofnunarinnar er lagfæringin því ekki kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.